

Nr. 004 / 14 Selfoss**Skipverji slasast við sjóbúning**

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 26. nóvember 2013 var Selfoss við bryggju í Immingham.

Skipverji var að vinna við sjóbúning á veðurþilfari þegar þriðju hæða sjóbúningsstöng féll niður og lenti á hægri handlegg og fæti hans. Við skoðun kom í ljós að hann hafði brotnað á stóru tá þrátt fyrir að hafa verið í öryggisskóm.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist ekki hafa vitað um skipverjann sem vann fyrir ofan hann fyrir en skipverjinn missti stöngina og kallaði aðvörun en hann hefði ekki getað vikið sér undan;
- að slasaði áleit að fall stangarinnar hafi verið nær þrjú metrar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.